AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á Norðurlandasamningi um samstarf á sviði menningarmála.

Hinn 12. febrúar 1986 öðlaðist gildi samningur frá 6. maí 1985 um breytingu á Norðurlandasamningi frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1985 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. febrúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

25. mars 1986 Nr. 6

AUGLÝSING

um framlengingu samnings við Cabo Verde um þróun fiskveiða.

Með orðsendingaskiptum 12. og 19. mars 1986 var gengið frá framlengingu samnings milli Íslands og Cabo Verde frá 27. nóvember 1981 um þróun fiskveiða um fimm ár, til 31. desember 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1981 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. mars 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

25. mars 1986 Nr. 7

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Hinn 21. mars 1986 var undirritaður í Reykjavík viðbótarsamningur við samning frá 12. desember 1969 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1970 og 13/1980. Viðbótarsamningurinn tók gildi 30. maí 1986 í samræmi við 4. gr. hans. Alþingi hafði með lögum nr. 59/1985 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta viðbótarsamninginn.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. mars 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.